

Ed.

70. Frumvarp til laga

[52. mál]

um fiskiðjuver ríkisins í Höfn í Hornafirði.

Fhm.: Ásmundur Sigurðsson, Páll Zóphóniasson.

1. gr.

Ríkið lætur reisa í Höfn í Hornafirði fiskiðjuver, er fullnægi væntanlegri þörf hátaflotans á vetrarvertíð. Skulu afköst og vinnutæki vera allt að því, er hér segir:

Hraðfrystihús, er hraðfrystir 30 tonn af flökum, og niðursuðuverksmiðja, er getur soðið niður 10 tonn, hvort tveggja miðað við 8 tíma vinnslu. Þá skulu og í fiskiðjuverinu vera fiskimjölsverksmiðja og lifrarvinnslustöð, er nægi til að vinna úr öllum fiskúrgangi og lifur, er til fellur. Enn fremur skal vera fiskmóttökustöð til aðgerðar, og aðstaða til flatningar og söltunar á þeim hluta aflans, sem ekki reynist unnt að vinna á annan hátt, svo og önnur þau tæki, sem hagkvæm kunna að reynast til frekari vinnslu aflans.

2. gr.

Til byrjunarfrankvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán f. h. ríkissjóðs að upphæð allt að 4 millj. króna.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir fiskiðjuverið. Skulu tveir þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu hreppsnefndar Hafnarhrepps, en einn án tilnefningar, og er hann fornaður stjórnarinnar. Stjórnin hefur aðsetur og varnarþing á Hornafirði.

Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar og endurskoðenda. Til þess að skuldbinda fiskiðjuverið þarf undirskrift tveggja stjórnenda. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, er hefur á hendi daglega stjórn fiskiðjuversins og umsjón með rekstrinum. Hann annast og sölu afurða í samráði við stjórnina. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir fyrirtækið og skuldbindur það eftir reglum um prókúru, sé ekki öðruvísi ákveðið. Stjórnin ákveður með erindisbréfi starfssvið framkvæmdastjórans og laun.

4. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir, skipaðir af ráðherra.

5. gr.

Áður en ráðizt er í framkvæmdir, skal gera fullkomnar áætlanir og teikningar um stærð og fyrirkomulag fiskiðjuversins, enn fremur stofnkostnaðaráætlun og rekstraráætlun, sem lagðar skulu fyrir atvinnumálaráðherra til samþykktar.

6. gr.

Fiskiðjuverið kaupir fisk og annan sjávarafla af útgerðarmönnum og sjómönnum fyrir verð, er miðist við markaðsverð, að frádregnum nauðsynlegum kostnaði, sbr. 8. gr. Atvinnumálaráðherra ákveður verðið, að fengnum tillögum stjórnar fiskiðjuversins.

7. gr.

Stjórn fiskiðjuversins skal jafnan tryggja því nægan sjávarafla til vinnslu með samningum við útgerðarmenn og sjómenn, enda gangi samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um afhendingu fisks.

Áætlun um fiskmagn það, sem iðjuverið getur tekið á móti á hverjum tíma, skal jafnan liggja fyrir, þegar starfræksla hefst.

8. gr.

Útgerðarmönnum og sjómönnum skal greitt söluverð aturða þess fisks, sem þeir afhenda til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem nú greinir:

1. Öllum venjulegum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir af stofnkostnaði eins og hann er á hverjum tíma.
2. 2% fyrningargjaldi af húsum og mannvirkjum og 8% af vélum og áhöldum.
3. 2% gjaldi af keyptu hráefni í varasjóð.
4. Sköttum og útsvari eftir 11. gr. þessara laga.

Verði tap á rekstri iðjuversins, má vinna það upp á næstu tveimur árum. Komi í ljós við ársuppgjör, að andvirði afurða þess fisks, sem viðskiptamenn hafa látið iðjuverinu í té til vinnslu, sé meira að verðmæti en áætlað hafi verið og útborgað, þá skal viðskiptamönnum greiddur mismunurinn í réttu hlutfalli við fiskmagn það, sem hver og einn þeirra afhenti til vinnslu á árinu.

9. gr.

Reikningsár fiskiðjuversins er almanaksárið. Skal stjórn þess gera reikningskil fyrir starfsárið eigi síðar en svo, að endurskoðendur geti lokið störfum fyrir 30. apríl ár hvert. Þegar endurskoðun er lokið, skal senda ríkisstjórninni afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum iðjuversins, undirritað af stjórn þess og áritað af endurskoðendum, ásamt skýrslu um störf og rekstur iðjuversins á árinu.

Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

10. gr.

Þegar ársuppgjóri iðjuversins er lokið og reikningar samþykktir, skal halda sérstakan fund með þeim sjómönnum og útgerðarmönnum, sem skipt hafa við það, samkvæmt nánari reglum, er atvinnumálaráðherra setur.

Verkefni þessa fundar eru:

1. Lagðir fram reikningar fiskiðjuversins og þeir ræddir. Jafnframt séu ræddar þær athugasemdir, sem viðskiptamenn hafa að gera við reksturinn á liðnu ári.
2. Rædd starfstilhögun á næsta ári, og gerðar tillögur til stjórnar iðjuversins um fiskverð.
3. Ræddar nýjungar viðkomandi rekstrinum og óskir um aukningu á starfsemi iðjuversins eða breytingar á honum, ef fram koma.
4. Önnur mál.

Fundurinn sendi tillögur sínar til atvinnumálaráðherra.

11. gr.

Iðjuverið skal greiða í útsvar $\frac{1}{2}\%$ af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til sveitarsjóðs Hafnarhrepps, þó ekki yfir 25% af útsvörum hreppsins hvert ár.

12. gr.

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um rekstur og tilhögun iðjuversins.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð: „Á síðasta þingi var að tilhlutun fyrrverandi atvinnumálaráðherra flutt frumvarp um fiskiðjuver ríkisins, þar sem gert var ráð fyrir, að ríkið tæki forgöngu í fiskiðnaðinum á svipaðan hátt og gert hefur verið fyrr með sildariðnaðinn. Voru tilnefndir fjórir staðir, þar sem hafizt skyldi handa hið allra fyrsta með framkvæmdir. Voru það Suðurnes, Hornafjörður, Vestmannaeyjar og Ísafjörður. Frv. þetta fékk ekki afgreiðslu, og hefur málinu ekki verið hreyft aftur á yfirstandandi þingi.

Um það verður ekki deilt, að mjög mikil nauðsyn sé að auka fiskiðnaðinn í landinu og bæta nýtingu aflans að miklum mun frá því, sem nú er. Þótt Íslendingar hafi komizt lengra en flestar eða jafnvel allar aðrar þjóðir í saltfiskverkun, eru þegar liðin mörg ár, síðan sýnt var, að leita varð inn á nýjar brautir, ef þjóðin ætti að hafa tryggja markaði fyrir alla sína fiskframleiðslu. Enda hefur nú vaxið upp allmikill hraðfrystiðnaður, sem fullnægir þó alls ekki þörfinni, og enn fremur skortir mjög á, að hinir verðminni hlutir séu nýttir sem skyldi, og fara þar árlega milljónaverðmæti forgörðum.

Öllum ber saman um, að til frambúðar getum við ekki treyst á ísfiskmarkað fyrir framleiðsluna að neinu verulegu leyti. Ísfiskmarkaður í Englandi hefur alltaf verið ótryggur á friðartímum, og eru ástæðurnar augljósar. Bretar eru sjálfir ein mesta fiskveiðarþjóð heimsins og leggja nú eftir styrjöldina hið mesta kapp á að auka sína fiskframleiðslu og verða sjálfum sér nógir í þeim efnunum. Og þótt nú hafi tekizt að semja um sölu á nokkru af ísvörðum fiski til Vestur-Þýzkalands á þessu ári, má telja nokkurn veginn víst, að þar sé aðeins um stundarfyrirbrigði að ræða og því sé góð og fullkomin vinnsla eina tryggingin fyrir því, að við getum selt okkar fiskafurðir góðu verði í framtíðinni.

Nú hefur fiskiskipafloði landsmanna verið aukinn nærri því um helming frá því, sem var 1944. Er þá augljóst, hve stórra átaka er þörf í fiskiðnaðarmálum okkar og hve örlagaríkar afleiðingar það muni hafa, ef þau verkefni verða vanrækt.

Þótt Hornafjörður hafi nú um langt skeið verið aðalfiskihöfn Austurlands á vetrarvertíð, vantar algerlega aðstöðu til fiskverkunar á staðnum. Stríðsárin var fiskurinn eingöngu fluttur út ísvarinn, en s. l. ár var mikið af aflanum saltað. En vegna húsnæðisleysis og annarrar ófullkominnar aðstöðu urðu bátarnir stundum að liggja í landi, þótt veiðiveður væri og mokafli, og urðu þannig bæði sjómenn og útgerðarmenn fyrir stórtjóni, vegna þess að móttökuskilyrði vantaði.

Til þess að tryggja hag vélbátaútgerðarinnar á Austurlandi þarf því að koma stórt og vandað fiskiðjuver á Hornafirði, svo sem hér er gert ráð fyrir. Í því þarf að vera fullkomið hraðfrystihús, niðursuðuverksmiðja, fiskimjölsverksmiðja, lýsisvinnslustöð og önnur þau tæki, er nauðsynleg kunna að vera til gjörnýtingar aflans. Dr. Jakob Sigurðsson, forstjóri fiskiðjuvers ríkisins í Reykjavík, hefur hafizt handa með niðursuðu á þeim hlutum fisksins, sem ekki eru hæfir til hraðfrystingar, svo sem þunnildum o. fl. Þannig hefur honum tekizt að gera verðmæta vöru úr hráefni, sem annars verður að litlu eða engu gagni. Í slíku fiskiðjuveri sem þessu væri því sjálfsagt að sjóða niður allan slíkan fisk, vinna fiskimjöl úr þeim hlutum fisksins, sem ekki verður notaður til manneldis. Þannig yrði aflinn fullnýttur og gæfi þeim, er fiskveiðarnar stunda, svo mikinn arð sem unnt er.

Þá skal vikið að nauðsyn þess, að ríkið taki að sér framkvæmdir þessa verks á Hornafirði. Eins og áður er sagt, er Hornafjörður aðalviðleguhöfn Austfjarðabáta á vetrarvertíð, en kauptúnið, sem er sérstakur hreppur, fámennt og því ekki von til, að hreppsfélagið fái leyst þetta mál. Hins vegar er þörf útgerðarinnar í heilum landsfjórðungi viðfangsefni, sem verður að leysa, ef þjóðin á ekki að bíða fjárhagslegt tjón vegna stöðvunar í framleiðslunni og minni gjaldeyrisöflunar en ella. Þar sem svo er ástatt, verður að teljast eðlilegt, að ríkið taki framkvæmdir að sér eins og fjölda annarra verkefna, sem þjóðarnauðsyn krefur, að leyst verði, enn ekki er von til, að einstaklingar eða félagasamtök leysi. Áður hefur ríkið tekið að sér forustu í sildariðnaðinum, og verður ekki um það deilt, að þar hafi verið stigið spor þjóðinni til heilla. Svo mun einnig fara, ef ríkið tekur að sér forgöngu í fiskiðnaðinum, a. m. k. þar sem þörfin er svo aðkallandi sem á Hornafirði, þar sem segja má með sanni, að framkvæmdir þoli enga bið.“